

**Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs  
annars vegar**

**og**

**eftirtalin aðildarfélög Bandalags starfsmanna ríkis og bæja  
hins vegar**

**Félag flugmálastarfsmanna ríkisins  
Félag starfsmanna stjórnarráðsins  
Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu  
Landssamband lögreglumanna  
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna  
Samflot bæjarstarfsmannafélaga  
SFR-stéttarfélag í almannajónustu  
Starfsmannafélag Garðabæjar  
Starfsmannafélag Kópavogs  
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar  
Starfsmannafélag Suðurnesja  
Tollvarðafélag Íslands**

**gera með sér svofellt**

## **S A M K O M U L A G**

**um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

### **Forsendur og markmið**

Markmið stöðugleikasáttmálans, sem gerður var þann 25. júní 2009 af aðilum vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar Íslands, er auk viðreisnar efnahagslífsins meðal annars að verja undirstöður velferðarkerfisins, standa vörð um menntakerfið og verja störf eins og aðstæður frekast leyfa. Það er þó almenn sátt um að leitast við að tryggja kaupmátt lægstu launa starfsmanna ríkisins. Samkomulag þetta er gert til að ná því markmiði.

### **1. grein**

#### **Gildistími og endurskoðun**

Gildandi kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. júlí 2009 til 30. nóvember 2010 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Leiði endurskoðun á framkvæmd kjarasamninga á almennum markaði fyrir 1. nóvember 2009 til breytinga eða uppsagnar, er með samþykki aðila samnings þessa hægt að taka til skoðunar hvort forsendur séu fyrir sambærilegri endurskoðun. Afstaða til endurskoðunar skal liggja fyrir eigi síðar en 31. október 2009.

## 2. grein Launataxtar

Mánaðarlaun fyrir dagvinnu allt að 180 þúsund krónur hækka 1. júlí 2009 og 1. nóvember 2009 um 6.750 kr. í hvort skipti en hækka minna að 210 þúsund krónum sbr. neðangreint. Mánaðarlaun fyrir dagvinnu umfram 210 þúsund eru óbreytt.

Launataxtar mánaðarlauna sky. grein 1.1.1 hækka sem hér segir:

### 1. júlí 2009

Launatölur á bilinu	Hækkun
137.656 – 179.999 kr. ....	6.750 kr.
180.000 – 184.999 kr. ....	5.800 kr.
185.000 – 189.999 kr. ....	4.800 kr.
190.000 – 194.999 kr. ....	3.900 kr.
195.000 – 199.999 kr. ....	2.900 kr.
200.000 – 204.999 kr. ....	1.900 kr.
205.000 – 209.999 kr. ....	1.000 kr.

### 1. nóvember 2009

Launatölur á bilinu	Hækkun
144.406 – 179.999 kr. ....	6.750 kr.
180.000 – 184.999 kr. ....	5.800 kr.
185.000 – 189.999 kr. ....	4.800 kr.
190.000 – 194.999 kr. ....	3.900 kr.
195.000 – 199.999 kr. ....	2.900 kr.
200.000 – 204.999 kr. ....	1.900 kr.
205.000 – 209.999 kr. ....	1.000 kr.

Mánaðarlaun fyrir dagvinnu allt að 285 þúsund krónur hækka 1. júní 2010 um 6.500 kr. en hækka minna að 310 þúsund krónum sbr. neðangreint. Mánaðarlaun fyrir dagvinnu umfram 310 þúsund eru óbreytt.

### 1. júní 2010

Launatölur á bilinu	Hækkun
151.156 – 284.999 kr. ....	6.500 kr.
285.000 – 289.999 kr. ....	5.500 kr.
290.000 – 294.999 kr. ....	4.500 kr.
295.000 – 299.999 kr. ....	3.500 kr.
300.000 – 304.999 kr. ....	2.500 kr.
305.000 – 309.999 kr. ....	1.500 kr.

Þar sem lægstu tölur mánaðarlauna hækka um krónutölu er hlutfallslegt bil milli launaflokka og þrepa ekki með sama hætti og var. Af þessu leiðir að greinar í samningum um hlutfallstölur milli launaflokka og þrepa eiga ekki við.

Þrátt fyrir að bil milli launatala verði ólík halda viðeigandi greinar gildi sínu að öðru leyti.

*Dæmi: Í stofninasamningum þar sem álag er gjarnan metið í prósentum, sbr. grein 1.2.2 í sumum kjarasamningum og samsvarandi greinar í öðrum, skal breyta talningu álagsþrepa eftir því sem við á, t.d. þar sem talað er um 5% hækkun vegna álags skal nú miðað við tvö álagsþrep.*

### **3. grein**

#### **Persónuuppbót**

Persónuuppbót í desember verður sem hér segir:

Á árinu 2009 .....	kr. 45.600.
Á árinu 2010 .....	kr. 46.800.

Þau stéttarfélög sem hafa ákvæði um hærri persónuuppbót skulu halda óbreyttri upphæð frá síðustu samningum á þessu samningstímabili, en þó ekki lægri en ofangreindar fjárhæðir.

### **4. grein**

#### **Orlofsuppbót**

Orlofsuppbót verður sem hér segir:

Á árinu 2010 .....	kr. 25.800.
--------------------	-------------

Þau stéttarfélög sem hafa ákvæði um hærri orlofsuppbót skulu halda óbreyttri upphæð frá síðustu samningum á árinu 2010.

### **5. grein**

#### **Fatapeningar**

Fatapeningar á heilbrigðisstofnunum og sambýlum fyrir fatlaða skv. gr. 8.2.1 í kjarasamningi KJALAR, stéttarfélags í almannáþjónustu, greinar 8.3.1. í kjarasamningi SFR-stéttarfélags í almannáþjónustu og greinar 8.3.1 í kjarasamningi Starfsmannafélags Suðurnesja hækka sem hér segir:

1. júlí 2009 .....	0,7%.
1. nóvember 2009 .....	0,6%.
1. júní 2010 .....	1,5%.

### **6. grein**

#### **Starfsendurhæfingarsjóður**

Í lok 14. kafla (gr. 14.5 eða gr. 14.6 eftir atvikum) bætist ný grein sem orðist svo:

Iðgjald launagreiðanda í Starfsendurhæfingarsjóð skal nema 0,13% af heildarlaunum félagsmanna.

Jafnframt breytist heiti kaflans í „Fjölskyldu- og styrktarsjóður og iðgjöld í Starfsendurhæfingarsjóð“.

**7. grein**  
**Atkvæðagreiðsla**

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 14. ágúst 2009 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 3. júlí 2009

F.h. samninganefndar ríkisins  
með fyrirvara um samþykki  
fjármálaráðherra

Félag flugmálastarfsmann með fyrirvara um  
samþykki félagsmanna

Félag starfsmanna stjórnarráðsins með fyrirvara um  
samþykki félagsmanna.

Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Landssamband lögreglumanna með fyrirvara um  
samþykki félagsmanna.

Landssamband slökkviliðs og sjúkraflutningamanna  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Samflot bæjarstarfsmannafélaga með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

SFR-stéttarfélag í almannajónustu með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Starfsmannafélag Garðabæjar með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Starfsmannafélag Kópavogs með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Starfsmannafélag Suðurnesja með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

Tollvarðafélag Íslands með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

**Yfirlýsing og bókanir  
með  
samkomulagi dags. 3. júlí 2009  
milli  
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs  
annars vegar  
og  
eftirtalinna aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja  
hins vegar**

**Félag flugmálastarfsmanna ríkisins  
Félag starfsmanna stjórnarráðsins  
Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu  
Landssamband lögreglumanna  
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna  
Samflot bæjarstarfsmannafélaga  
SFR-stéttarfélag í almannajónustu  
Starfsmannafélag Garðabæjar  
Starfsmannafélag Kópavogs  
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar  
Starfsmannafélag Suðurnesja  
Tollvarðafélag Íslands**

**Yfirlýsing**

**Um bókanir og fylgiskjöl með síðustu kjarasamningum**

Aðilar eru sammála um að vinna sameiginlega áfram að þeim málum sem fram koma í bókunum og fylgiskjöllum sem gerðar voru í síðustu kjarasamningum, enda komi efni þeirra ekki fram í sameiginlegri verkáætlun með þessum samningi. Aðilum er ljóst að niðurstaða þeirrar vinnu dregur dóm af stöðu efnahagsmála.

**Bókun 1**

Aðilar eru sammála um að framlengja bókanir um þróunar- og símenntunarsjóði félaganna auk framlagsins til Fræðslusetursins Starfsmenntar óbreyttar út komandi samningstímabil. Þessar bókanir, sem eru ekki varanlegur hluti kjarasamninga, eru nær allar á þann veg að þar eru tiltekin framlög launagreiðanda í sjóði með einföldum hætti.

**Bókun 2**

Stefnt er að því að BSRB og aðildarfélög þess verði að fullu þátttakendur í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. (FA). Framlag ríkisins skal taka mið af vaxandi hlutverki FA með auknu framlagi til miðstöðvarinnar í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 2008 og stöðugleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar frá 25. júní 2009. Stefnt er að því að BSRB og aðildarfélög þess verði að fullu þátttakendur í FA þann 1. janúar 2010.

Undanfarin ár hefur ríkið styrkt mannauðssjóð BSRB sbr. samkomulag aðila frá 15. febrúar 2007 sbr. og bókun 6 í síðustu kjarasamningum. Í ljósi ofangreindra breytinga verður það framlag 5 milljónir á ári, árin 2009 og 2010 til að ljúka því þróunarstarfi sem þar hefur verið unnið.